



Leikskólinn Kópasteinn



Skólanámskrá

Leikskólinn Kópasteinn
Hábraut 5
200 Kópavogur
Heimasíða: kopasteinn.kopavour.is
kopasteinn@kopavogur.is

Efnisyfirlit

Skólanámskrá	3
Sýn á nám leikskólabarna.....	3
Starf leikskóla Kópavogs byggir á	4
Perlan	4
Hugmyndafræði Kópasteins	5
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	6
Leikur og nám	6
Námsumhverfi	7
Sambætt og skapandi leikskólastarf	7
Læsi og samskipti	7
Heilbrigði og vellíðan.....	8
Sjálfbærni og vísindi	9
Sköpun og menning	10
Mat á námi og velferð barna.....	12
Fjölskyldan og leikskólinn	13
Tengsl skólastiga	13
Starfsáætlun	13
Mat á leikskólastarfi	13
Innra mat í leikskólum	13
Ytra mat í leikskóla	13

Námskrá Kópasteins

Leikskólinn Kópasteinn tók til starfa í desember árið 1964 og er elsti leikskóli Kópavogs. Arkitekt leikskólans er Bárður Daníelsson arkitekt og verkfræðingur. Hönnuður lóðar er Aðalheiður Kristjánsdóttir landslagsarkitekt. Kópasteinn er 4ra deilda leikskóli fyrir 73 börn. Kópasteinn stendur í ákaflega fögru umhverfi í hjarta Kópavogsbæjar.

Kópavogskirkjan er á hæðinni fyrir ofan okkur, Listasafn Gerðar Helgadóttur blasir við og Salurinn, Borgarholtið hér allt í kring og safnaðarheimili Kópavogskirkju. Börnin þurfa því ekki að fara langt til að upplifa fagurt útsýni, fallegar byggingar og menningu.

Á grunni aðalnámskrár Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og námskrár leikskóla Kópavogs mótar hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggir á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra/forráðamenn og nærsamfélagið.

Tilgangur skólanámskrár er:

1. Að skipuleggja uppeldi og nám barna
2. Að stuðla að skilvirkara starfi
3. Að gera leikskólastarfið sýnilegra

Sýn á nám leikskólabarna


Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í leikskóla þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stött í námi og þroska. Í leikskólum nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Starfshættir leikskóla mótask af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Starf Kópasteins byggir á:

- [lögum um leikskóla](#)
- [aðalnámskrá leikskóla](#)
- [reglugerðum um leikskóla](#)
- aldursskiptum námskrám leikskóla Kópavogs
- samþykktum bæjaryfirvalda
- ýmsum stefnumótandi samþykktum ([jafnréttisstefnu](#), [umhverfisstefnu](#), [stefnu gegn einelti](#), [forvarnarstefnu](#))
- á kenningum John Dewey, Berit Bae og Caroline Pratt.

Perlan



Grunnurinn af Perlunni er unninn af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en Sesselja Hauksdóttir uppfærði hana í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011

Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum.

Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið, sá flötur er gulur, þ.e. litur sólarinnar. Þeir þættir sem næst barninu eru og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur, tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst. Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta samþætts og skapandi leikskólastarfs.

Grunnþættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákn jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; **Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.**

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur perlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gáar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.



Hugmyndafræði Kópasteins

Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Leggja ber áherslu á styrkleika barna og hæfni og að litið sé á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Hugmyndafræði Kópasteins byggir m.a. á kenningum John Dewey, Berit Bae og Caroline Pratt. Hugmyndafræði Deweys er sennilega frægust fyrir orðin „learning by doing“. Hugmyndir hans um nám barna snúast um gagnrýna og skapandi hugsun. Börn eiga að fá opinn efnivið þar sem hugmyndir þeirra fá að njóta sín, í stað þess að koma með fyrirfram mótaðar hugmyndir um úrlausn eða ákveðna vinnu til að ná markinu þá eiga þau sjálf að finna leiðina, það er lærdómsferlið sem skiptir máli, ekki endilega niðurstaðan. Það er gert með því að spyrja börnin opinna spurninga og fá þau til að finna eigin lausnir að verkefnum. Samkvæmt Dewey er hlutverk kennarans ekki að svara spurningum heldur aðstoða við fæðingu nýrra spurninga með því að spyrja opinna spurninga, þannig að börn tengi reynslu sína við nýja uppgötvun í stað þess að fá tilbúna lausnir. Einnig á kennarinn að skapa umgjörð fyrir leikinn sem er þroska og námsleið barnsins.

Í kenningu Berit Bae eru tvö lykilhugtök sem eru skilgreiningarvald og viðurkenning. Skilgreiningarvald vísar til þess að þar sem barnið sé háð hinum fullorðna sé hann í sterkri stöðu til að leggja dóma á skoðanir og athafnir barnsins, sem hafa mótandi áhrif á upplifun barnsins á sjálfu sér. Það sem ber því að leggja sérstaka áherslu á í leikskóla-uppeldi er að misnota ekki það skilgreiningarvald sem hinn fullorðni hefur yfir barninu. Með viðurkenningu er átt við að hinn fullorði gangi út frá því að barnið sé sérfræðingur í eigin upplifunum. Það gerir hann með því að hlusta á barnið og reyna að setja sig í spor þess án þess að leggja dóm á upplifun þess eða skoðanir. Hinn fullorðni þarf ekki að vera sammála barninu í einu og öllu heldur að viðurkenna að það hafi sínar eigin skoðanir sem geta stangast á við skoðanir annarra. Með viðurkennandi samskiptum ýtum við undir að barnið þrói með sér jákvæða sjálfsmynd því að upplifanir, hugsanir og tilfinningar þess eru virtar.

Caroline Pratt er hugmyndasmiður einingakubbanna (Unit blocks). Hún hafði þá trú að börnum væri eðlislægt að læra og skólakerfið þyrfti að bjóða upp á opinn efnivið þar sem börnin gætu prófað hugmyndir sínar án stýringar frá hinum fullorðna, í stað þess að njörva hugsanir barna niður í eitt form. Skólinn á að aðlagast börnunum en ekki öfugt.



Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Foreldrar, kennarar og börn eru samstarfsaðilar í daglegu starfi leikskóla, þar er lögð áhersla á að börn sýni umhyggju og beri virðingu fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Í leikskóla er frumkvæði barna eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa. Í leikskóla fá börn tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum og lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu.

Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldu, atvinnulífs og samfélagsins alls. Leikskólar Kópavogs starfa eftir jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli að jafnrétti á sem víðtækustum grunni.

(<http://www.kopavogur.is/files/leikskolar/stefnumotun/jafnrettisstefna.pdf>)

Einnig er fjallað um jafnrétti í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. (<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/namskrar/>)

Leikur og nám

Leikurinn er megin námsleið barna, hann er gleðigjafi og veitir vellíðan. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Í leik taka börn þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og virða sjónarmið annarra.

Leikskólakennarar styðja við leik barna á margvíslegan hátt. Börnum er gefinn nægur tími og rými til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka. Í Kópasteini er gengið út frá því að börn læri best í leik og þurfa því öll viðfangsefni leikskólans að taka mið af því. Leikurinn er þá hvort tveggja í senn markmið og leið.





Námsumhverfi

Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Í Kópasteini hafa börnin aðgang að fjölbreyttu leikefni bæði innan dyra sem utan. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Leikskólakennarar skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefast börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttaða reynslu. Á deildum fer fram margþætt starf og þar er ýmiss konar búnaður og efniviður í boði. Má þar nefna búnað til þykjustu- og hlutverkaleikja, kubba, bækur, spil, tölvur og efnivið til skapandi starfa. Leikskólinn stendur á fallegum stað í jaðri Borgarholtsins, í garðinum eru útileiktæki og aðgangur að vatni, sandi og mold. Nærumhverfi leikskólans býður upp á skemmtilegar gönguleiðir og menningu.



Samþætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Náms sviðin eru samþætt og samofin öllu starfi leikskólans.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í viðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Að vera læs felur í sér að geta lesið

ritað mál en einnig að lesa í umhverfi sitt og geta tjáð sig um upplifun sína, tilfinningar og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Við ýtum undir læsi barna með því að nota myndmál og sjónrænt skipulag. Við setjum orð á athafnir og spyrjum spurninga sem hvetja börnin til ígrundunar. Við hvetjum börnin til að tjá hugmyndir sínar og skoðanir á fjölbreyttan hátt með myndmáli, söng, frásögnum og leik. Við hvetjum börnin til að vinna saman og finna lausnir.

Heilbrigði og vellíðan

Lögð er áhersla á gott og fjölbreytt mataræði, hreinlæti, hvíld og hreyfingu. Við tileinkum okkur jákvæð samskipti og beinum athygli að hegðun eða atferli. Áhersla er á að börnin læri í gegnum leik þar sem þau fá tækifæri til að þjálfra samskipti sín á milli.

Markmiðið er að þegar við nærumst þá sé það félagsleg athöfn og það skiptir máli að umhverfið og andrúmsloftið sé gott. Börnin fræðast og öðlast grunnþekkingu á líkama sínum og þannig þroska þau með sér sterka og jákvæða sjálfsmynd. Við kennum almennt hreinlæti s.s handþvott og snyrtimennsku. Við leggjum áherslu á kynheilbrigði og leiðbeinum börnunum í leik og starfi hvað sé viðeigandi hegðun, að virða sína einkastaði og annara. Við ýtum undir umhyggjusemi, samkennd og virðingu fyrir öðrum óháð þjóðerni, kyni, stétt og stöðu.



Við stöndum vörð um hvíldartíma barnanna í dagskipulaginu. Markmiðið er að börnin hvíli sig frá daglegum verkefnum og öðlist hugarró.

Í skólanum stefnum við að því að börnin fari í útiveru daglega og læri að klæða sig eftir aðstæðum. Í útiveru fá börnin útrás, gott rými til hreyfinga og aðstæður til að nota stóru vöðvana í líkamanum, fá tækifæri fyrir háværi og plássfrekari leiki og tækifæri til að leysa deilur sjálf þar sem nálægðin við fullorðna er minni.





Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skipta máli í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni. Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Vettvangsferðir eru hluti af því námi, einnig að fylgjast með hringrás náttúrunnar. Umhverfissvikur á vorin eru helgaðar umhverfi skólans og gróandanum. Kópasteinnur hefur tvívegis fengið Grænfána og er umhverfisvænn skóli. Við flokkum pappír, plast, málma og lífrænan úrgang. Börnin eru þátttakendur í umhverfisstefnu skólans, þau fara út með ávaxtahýði í lífræna endurvinnslutunnu, ganga frá eftir sig á matarborði, aðstoða við tiltekt inni og í útiveru og eru hvött til sjálfsbjargar í daglegu lífi og leik. Við notum mikið af endurnýtanlegum efnivið í listsköpun. Valkerfið styður vel við þessi markmið sem og einingakubbarnir. Við fylgjumst með veðurfari, breytingum í náttúrunni og dýralífinu eftir árstíðum. Við gefum fuglunum yfir veturinn og á vorin setjum við niður fræ, oft úr ávöxtum sem við höfum borðað, ræktum kartöflur og sumarblóm. Hugtakið „flag í fóstur“ innan skólans er tengt því að sá grasfræjum inni á vorin og koma til gras-torfu sem síðan er gróðursett í Holtinu þar sem hefur myndast moldarflag.

Leikskólar Kópavogs starfa eftir umhverfisstefnu Kópavogs:

<http://www.kopavogur.is/media/pdf/umhverfisstefnany.pdf>



Sköpun og menning

Sköpun og menning er samofin öllu starfi leikskólans og tengist leik barna, barnamenningu, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna. Áhersla er lögð á að barnið fái tækifæri til að tjá sig á sínum forsendum og uppgötva sköpunarkraft sinn. Gera skal börnunum kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum og á eigin forsendum. Má þar nefna myndlist, tónlist, leiklist, dans, málrækt, frjálsan leik og skapandi hugsun.

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli og byggist sköpun barna á skynjun þeirra og reynslu. Í Kópsteini er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Efniviður náttúrunnar og endurnýtanlegur efniviður er nýttur í skapandi starf og hugmyndaflugið látið njóta sín. Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast efnið frá mörgum hliðum.

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu og í menningu Kópasteins. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu og upplifun af tónlist og að kynnst hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Tónlistaruppeldi í leikskólanum felst m.a. í því að börnin fara í eina stóra sameiginlega söngstund og í tónlistartíma einu sinni í viku sem er undir handleiðslu fagaðila. Þar fái börnin tækifæri til að læra söngva, vísur og þulur, hlusta á ýmskonar tónlist og prófa margskonar hljóðfæri. Við syngjum í samverustundum og oft eru valin árstíðabundin lög og lög sem tengjast líðandi stund. Við hlustum á slökunartónlist, það er einn liður í því að skapa rólegt og kyrrlátt andrúmsloft, einnig í hvíldartímum inni á deild. Leikskólinn á ýmis hljóðfæri og skemmtilegt námsefni sem tengist tónlist.

Í Kópasteini fá börnin að kynnst hefðum og siðum sem ríkja í samfélaginu, þau kynnst bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum. Börnin læra að þekkja félagslegt og menningarlegt umhverfi sitt bæði í starfinu innan leikskólans og einnig með vettvangsferðum. Við höfum fjölmenningsarvikur ár hvert þar sem við kynnum okkur menningu annarra þjóða. Farið er á listasafn, bókasafn, í leikhús, á tónleika og ýmislegt

annað sem auðgar starfið. Þannig taka börnin þátt í að móta menningu skólans en kynnast um leið menningu og hefðum íslensks samfélags.

Mat á námi og velferð barna

Leikskólar Kópavogs nota fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra og hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Börn sýna getu, þekkingu, hæfni og áhuga á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi.

Mat á vellíðan og námi barna felur í sér að safnað er fjölbreyttum upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.



Fjölskyldan og leikskólinn

Í leikskólanum er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri megin ábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin.



Tengsl skólastiga

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum um börn sín sem leikskólar varðveita. Þegar börn flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla skal leikskólastjóri/sérkennslustjóri sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi þeim með tryggum hætti.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir starfsáætlun leikskólans.

Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat í leikskólum

Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna. Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats. Í leikskólum Kópavogs er ECERS kvarðinn notaður við matið, kvarðinn tekur til allra þátta í leikskólastarfinu. Einnig eru sérstakir listar til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks.

Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans í gegnum miðlæga rafræna könnun frá menntasviði. Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Í leikskólum Kópavogs meta börnin starfið árlega. Hver leikskóli velur aðferð hverju sinni. Kópasteinnur hefur farið ýmsar leiðir þar, teikningar, viðtöl o.fl.

Hver matsaðferð er notuð að minnsta kosti annað hvert ár. Niðurstöður innra mats og umbótaáætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

Ytra mat í leikskóla

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Deildarstjóri á leikskólasviði, í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Lokaorð

Skólanámskráin er grunnur að vinnusáttmála innan skólans og er ætlað að vera í sífelldri þróun með hliðsjón af aðkomu foreldra, kennara og starfsmanna hverju sinni.

Námskráin er unnin af kennurum Kópasteins.

Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjóri á elstu deild tóku saman hugmyndafræðikaflann. Aðstoðarleikskólastjóri hefur séð um uppsetningu og lokafrágang.

Heiða Björk Rúnarsdóttir leikskólastjóri Kópasteins.